




Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2023

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 var lagður fyrir borgarráð í dag 2. maí og vísað til fyrri umræðu í borgarstjórn þann 7. maí næstkomandi. Hér eru raktar meginniðurstöður ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir A- og B-hluta og A- hluta.


A – og B – hluti:

Rekstrarniðurstaða og rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir samantekinn reikningur A- og B-hluta



Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var neikvæð um 3,4 ma.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 9,6 ma. kr. afgangi. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 47,6 ma.kr. og hækkaði um 10,2 ma.kr. á milli ára. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 19% og batnaði um 2%-stig á milli ára sem má rekja til A-hluta borgarinnar.

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta árið 2023 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)



Tekjur A- og B-hluta námu 251,6 ma.kr. og hækkuðu um 29,4 ma.kr. milli ára, þar vó hækkun skatttekna þyngst. Staðgreiðsla útsvars var 5,8 ma.kr. yfir áætlun vegna spennu á vinnumarkaði og launþróunar. Launavísitala hækkaði um 9,8% á árinu en gert hafði verið ráð fyrir 5,9% í fjárhagsáætlun.




Rekstrargjöld námu 204,0 ma.kr. og hækkuðu um 19,2 ma.kr. milli ára. Annar rekstrarkostnaður og afskriftir voru 6,9 ma.kr. yfir fjárheimildum sem rekja má um 5,6 ma.kr. til A-hluta en frávik B-hlutans skýrast að mestu af frávikum hjá OR. Þau skýrast af uppbyggingu á starfsemi Carbfix, viðhaldskostnaði mannvirkja og innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans auk verðlagshækkana. Þá kom til gjalda 2,4 ma.kr. áfallin skuldbinding við Brú lífeyrissjóð vegna bakábyrgðar launagreiðanda sem ekki var áætlað fyrir. Þá var matsbreyting fjárfestingaegna Félagsbústaða undir því sem áætlað var, þar sem hægst hefur á hækkan fasteignaverðs saman borið við síðustu ár.

Fjármagnsgjöld (nettó) námu 29,4 ma.kr. eða 10,3 ma.kr. yfir áætlun. Vextir og verðbætur sem voru 7,9 ma.kr. yfir áætlun er helsta skýring á frávikum auk þess sem gengismunur OR var neikvæður um 138 m.kr. en gert var ráð fyrir 2,6 ma.kr. tekjufærslu í áætlun.


Heildareignir A- og B-hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi 31. desember 2023 námu samtals 932,3 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum námu 495,3 ma.kr. Eigið fé nam 437,1 ma.kr. en þar af nam hlutdeild minnihluta 17,2 ma.kr. Eiginfjárlutfall A- og B-hluta nam 46,9% en var 48,8% árið 2022.

Sjóðstreymi A og B-hluta árið 2023 (m.kr.)



Handbært fé hækkaði á árinu um 5,2 ma.kr. og nam 27,1 ma.kr. í lok árs. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 58,1 ma.kr. og jukust um 8,0 ma.kr. milli ára, greidd gatnagerðargjöld og seldur byggingarréttur námu 4,1 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög námu 54,5 ma.kr. á árinu og afborganir lána og leiguskulda námu 33,2 ma.kr.


Veltufé frá rekstri og brúttó fjárfestingar A- og B-hluta, % af tekjum




Veltufé frá rekstri nam 35,7 ma.kr. eða 14,2% í hlutfalli af tekjum og hækkaði um 2,4%-stig á milli ára eða um 9,3 ma.kr. Heildarfjárfesting (brúttó) var 23,8% í hlutfalli af tekjum og jókst um 0,9%.



Eftirfarandi myndir sýna niðurstöður jafnvægis- og skuldareglu A- og B-hluta skv. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Skuldaviðmiðið er sýnt bæði með og án Orkuveitu Reykjavíkur, sem skv. reglugerð 502/2012 var skylt að undanskilja til ársloka 2021.¹



Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum




Vakin er athygli á því að með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga skv. ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025. Var það gert til að liðka fyrir möguleikum sveitarfélaganna að grípa til viðspyrnu og sóknar í stað samdráttaraðgerða vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins.

¹ Sé litið til 64 gr. sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisregla). Þá skulu skuldir og skuldbindingar samstæðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150% (skuldaregla) og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Reglugerð 502/2012 kveður á um útreikninga á jafnvægis- og skuldareglu. Ákvæði um að undanskilja veitu- og/eða orkufyrirtæki við útreikning á skuldaviðmiði gildi til ársloka 2021.




A – hluti:



Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2023 var neikvæð um 5 ma.kr. og nam frávik frá áætlun 0,4 ma.kr. Ef frá er tekinn halli af rekstri málefna fatlaðs fólks sem nam 8,2 ma.kr. var niðurstaðan jákvæð um 3,3 ma.kr. Í desember 2022 náðist samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríki til sveitarfélaga sem nam 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023. Rekja má 1,8 ma.kr. hækkun í staðgreiðslu útsvars til þeirrar breytingar. Í ársbyrjun 2024 mun útsvarsprósentan að nýju hækka um 0,23% skv. samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga frá 15. des. 2023. Þrátt fyrir samkomulagið glíma sveitarfélög enn við mikla vanfjármögnun vegna málaflokks fatlaðs fólks en lítið er á það sem áfanga að fullri fjármögnun málaflokksins.

Rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var jákvæð um 7,9 ma.kr. og nam jákvæður viðsnúningur á milli ára 10,1 ma.kr. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 4,5% en hún var neikvæð árið 2022.



Tekjur A-hluta námu 176,4 ma.kr. og voru 7,6 ma.kr. yfir áætlun. Skatttekjur voru 135,3 ma.kr. eða 4,7 ma.kr. yfir áætlun, þar af var staðgreiðsla útsvars 5,8 ma.kr. yfir áætlun og hækkaði um 15,1 ma.kr. milli ára. Hækkun útsvars má rekja til spennu á vinnumarkaði og launabróunar. Fjöldi starfandi í Reykjavík fjölgaði á árinu og var að jafnaði um 4,3% hærri en árið 2022. Launavísitalan hækkaði um 9,8% á árinu en forsendur áætlunar gerðu ráð fyrir að laun myndu




hækka um 5,9%. Frávik í öðrum tekjum má að hluta rekja til endurgreiðslna frá ríki og öðrum sveitarfélögum vegna verkefna sem unnin eru fyrir þau og til aukinna þjónustutekna.

Rekstrargjöld A-hluta námu 177,2 ma.kr. og voru 7,7 ma.kr. yfir fjárheimildum. Launakostnaður var á pari við áætlun sem og gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hins vegar kom til 2,3 ma.kr. gjaldfærsla vegna Brúar Lífeyrissjóðs og er vegna starfsmanna sem höfðu annað hvort hafið töku lífeyris eða náð 60 ára aldri árið 2017 þegar breytingar urðu á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna. Í lögnum fólst að tryggingafræðileg staða A-deildar naut ekki lengur óbeinnar bakábygðar launagreiðanda eins og áður hafði verið, þó þannig að þessi hópur var undanskilinn. Nú er tryggingafræðileg staða A-deildar utan 10% lögbundinna vikmarka og því kemur til bakábygðar Reykjavíkurborgar vegna hópsins.

Annar rekstrarkostnaður auk afskrifta var 5,6 ma.kr. yfir fjárheimildum sem er einkum rakið til hráefniskostnaðar í mótuneytum, vistgreiðslna vegna barna með þroska- og geðraskanir, vetrarþjónustu borgarinnar og þjónustu vegna samninga við ríkið vegna flóttafólks og hælisleitenda og aðra aðila.

Fjármagnsgjöld (nettó) námu 4,1 ma.kr. eða 0,3 ma.kr. umfram áætlun. Arður af eignarhlutum nam 6,4 ma.kr. og var 1,3 ma.kr. umfram áætlun en vaxtagjöld og verðbætur námu 12,0 ma.kr. og voru 1,9 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir.

Heildareignir A-hluta samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 2023 námu samtals 279,7 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 198,5 ma.kr. Eigið fé nam 81,3 ma.kr. og lækkaði um 1,4 ma.kr. Eiginfjárlutfall nam 29% en var 32% í árslok 2022. Skuldaviðmið A-hluta í árslok 2023 var 82%.



Veltufé frá rekstri A-hluta var jákvætt um 11,5 ma.kr. og var 6,5% í hlutfalli af tekjum. Viðsnúningur frá síðasta ári nam 12,4 ma.kr. en árið 2022 var veltufé frá rekstri neikvætt um 0,9 ma.kr. eða 0,6%.

Handbært fé í lok árs var 11,5 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 25 ma.kr. Greidd gatnagerðargjöld og sala byggingarréttar námu 4,2 ma.kr. Lántaka ársins nam 20,9 ma.kr., þar af nam útgáfa grænna skuldabréfa 4,9 ma.kr. Nýjar leiguskuldir námu 1,7 ma.kr. Afborganir lána og leiguskulda námu 6,9 ma.kr.

Ytra efnahagsumhverfi Reykjavíkurborgar var áfram krefjandi á árinu 2023. Þrálát verðbólga, launahækkanir og háir stýrivextir settu þrýsting á rekstrarútgjöld stofnana og fjármagnskostnað borgarinnar. Á móti fjölgaði starfandi einstaklingum í Reykjavík um 4,3% sem rekja má til íbúafjölgunar og lítils atvinnuleysis. Hafði það jákvæð áhrif á útsvarstekjur sem voru talsvert umfram áætlun.

Helstu áskoranir í rekstri Reykjavíkurborgar voru einkum vegna verkefna sem flutt hafa verið frá ríki til sveitarfélaga án þess að fullnægjandi fjármögnun fylgi. Náðst hefur áfangi í fjármögnun á málaflokki fatlaðs fólks þegar samið var um 0,22% hækkun á álagningarhlutfalli útsvars í árslok 2022 og síðan 0,23% hækkun í árslok 2023. Niðurstaða skýrslu starfshóps ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun málaflokksins sýnir þó að enn vantar talsvert upp á fulla fjármögnun. Í skóla- og velferðarþjónustu hefur þurft að grípa til ýmissa aðgerða vegna móttöku flóttafólks og undir lok árs bættust við nýjar áskoranir vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga. Reykjavíkurborg hefur ásamt öðrum sveitarfélögum tekið þátt í aðgerðum við að styðja við íbúa Grindavíkurbæjar.

Fjárfestingar A-hluta á árinu 2023 námu 25,8 ma.kr. og einkenndust af miklu leyti af viðhaldsátaki í skólum og fjárfestingu í innviðum til að tryggja uppbyggingu húsnæðis innan borgarmarkanna. Fjárfestingar voru fjármagnaðar annars vegar með útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 14,9 ma.kr. og hins vegar með lánaramma við Íslandsbanka að fjárhæð 6 ma.kr. Reykjavíkurborg áætlar að fjármagna fjárfestingar ársins 2024 með lántökum allt að 16,5 ma.kr. króna. Gert er ráð fyrir að lántakan fari fram með útgáfu skuldabréfa á skuldabréfamarkaði, með beinni lántöku eða með öðrum hætti til að mæta fjárþörf borgarsjóðs á hverjum tíma. Í febrúar sl. heimilaði borgarráð að sækja um og hefja viðræður við Þróunarbanka Evrópu um 15 ma.kr. lánsfjármögnun vegna viðhaldsátaks í skólahúsnæði borgarinnar.

Enn er talsverð óvissa um horfur í ytra efnahagsumhverfi á árinu 2024 bæði vegna verðbólguþróunar og stríðsátaka. Hófstílltir kjarasamningar til fjögurra ára á almenna vinnumarkaðnum hafa aukið væntingar um að verðbólga fari lækkandi á árinu og að meiri stöðugleiki náist. Sveitarfélögin studdu myndarlega við kjarasamningana með vilyrðum um lækkun gjaldskráa og þátttöku í gjaldfrjálsum skólamáltíðum.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024-2028 sem samþykkt var í desember sl. er áfram krafa um aðhald í rekstri. Þannig var sviðum gert að hagræða 1% í launakostnaði og einungis voru verðbættar samningsbundnar skuldbindingar við þriðja aðila. Reykjavíkurborg vinnur eftir fjármálastefnu 2023-2027 þar sem skýr áhersla er á að hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélag til lengri tíma en með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Niðurstaða ársins 2023 er í samræmi við áætlanir um að öll markmið fjármálastefnunnar verði uppfyllt í síðasta lagi árið 2025 fyrir A-hluta og árið 2027 fyrir A- og B-hluta.

Nr.	Mælikvarði	Markmið 2023	Raun 2023	2023	2024	2025	2026	2027
1	Rekstrarniðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✘ -4.969	✘ -5.991	🟡 2.166	🟢 6.035	🟢 7.067	🟢 9.631
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✘ 81%	✘ 86%	✘ 82%	🟢 80%	🟢 80%	🟢 79%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✘ 6,5%	✘ 2,2%	✘ 5,9%	🟢 7,6%	🟢 7,8%	🟢 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	🟢 1,2	✘ 0,4	✘ 0,7	🟢 1,1	🟢 1,1	🟢 1,1
5	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	🟡 81%	🟡 83%	🟡 80%	🟢 65%	🟢 64%	🟢 54%
6	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	🟢 82%	🟢 85%	🟢 85%	🟢 86%	🟢 84%	🟢 79%
7	Lágmarksstaða handbærs fjár (fjárhæðir í m.kr.)	> 8 ma.kr.	🟢 11.506	🟢 10.950	🟢 9.317	🟢 8.826	🟢 8.754	🟢 9.572



Nr.	Mælikvarði	Markmið 2023	Raun 2023	2024	2025	2026	2027	
1	Þriggja ára jafnvægisviðmið	> 0	26.038	39.325	44.040	57.583	69.745	49.628
2	Skuldaviðmið fari ekki yfir 150% af tekjum	< 150%	158%	141%	146%	152%	151%	141%

Ýtarlegar upplýsingar um Fjármálastefnu Reykjavíkurborgar og forsendur fjárhagsáætlunar er að finna í gögnum fjárhagsáætlunar á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#).

Reykjavíkurborg hefur höfðað mál á hendur íslenska ríkinu aðallega og til vara til greiðslu tiltekinna fjárhæðar framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árin 2015-2019, eða greiðslu að fjárhæð 5.418 m.kr. vegna annars vegar almenns jöfnunarframlags vegna reksturs grunnskóla og hins vegar framlags vegna kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Til þrautarvara gerir Reykjavíkurborg kröfu um að viðurkennt verði fyrir dómi að íslenska ríkinu hafi verið óheimilt að afnema tilvitnuð framlög til stefnanda á grundvelli reglugerðarákvæða. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 20. desember 2023 var íslenska ríkið dæmt til að greiða Reykjavíkurborg kr. 3.370 m.kr., ásamt vöxtum vegna umræddra tveggja framlaga fyrir árin 2015-2019, auk þess sem íslenska ríkið var talið hafa með ólögmetum og saknæmum hætti útilokað Reykjavíkurborg frá því að geta hlotið þessi framlög á grundvelli ákvæða reglugerðar sem ekki var lagastoð fyrir. Með ákvörðun Hæstaréttar Íslands frá 15. mars 2024 var samþykkt beiðni íslenska ríkisins um að fá að áfrýja beint til Hæstaréttar dómi héraðsdóms í málinu. Engar færslur hafa verið færðar í bókum Reykjavíkurborgar vegna þessa máls á meðan beið er lokaniðurstöðu.

Rekstur Reykjavíkurborgar skiptist í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Um er að ræða Aðalsjóð, sem heldur utan um rekstur fagsviða og Eignasjóð. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þeirra er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtækin eru: Orkuveita Reykjavíkur, Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf., Jafnlaunastofa sf. og Þjóðarleikvangs ehf.

Reykjavík, 2. maí 2024.

Nánari upplýsingar veitir

Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

halldora.karadottir@reykjavik.is